

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Kattarauga við Kornsa í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti tjörnina Kattarauga við Kornsa í Vatnsdal, ásamt hölmum sem í henni eru og tjarnarbökkunum.

Mörk náttúruvættisins eru þessi: Lína dregin umhverfis áðurnefnda tjörn í 10 metra fjarlægð frá bökkum hennar.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Umferð gangandi fólks er leyfð um bakka tjarnarinnar en fólk er hvatt til að ganga aðeins eftir göngustíg. Bannað er að tjalda á náttúruvættinu og öll umferð um hólmana er bönnuð.



2. Öll umferð vélknúinna ökutækja og vinnuvéla um svæðið er bönnuð.
3. Ekki má skerða gróður náttúruvættisins á nokkurn hátt og er umferð og beit búfjár innan þess bönnuð.
4. Allt rask á náttúruvættinu er bannað og varast ber allar framkvæmdir í nágrenni þess sem leitt gætu til lækkunar vatnsborðs tjarnarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu Díma í Lóni, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti klettaborgina Dímu við Jökulsá í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.

Mörk náttúruvættisins miðast við Jökulsá að vestan en að sunnan og austan við akslóð á sandinum sem liggur þvert á fyrirhleðslugarð um 35 m sunnan við klettaborgina og frá henni nær hornrétt í norður, skemmst í um 15 m fjarlægð frá klettinum og áfram beint norður í Jökulsá.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið eftir merktum gönguleiðum, í lög-mætum tilgangi.
  2. Allur akstur er bannaður, svo og umferð með hesta.
  3. Á svæðinu má hvorki skerða gróður, skaða dýralíf né gera þar jarðrask.
- Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*